

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/1573**  
**komudagur 10.4.2006**

Nefndasvið Alþingis  
Ingvar Þór Sigurðsson  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. apríl 2006  
Tílvísun: 2006030052/90.12  
ER/BH  
Tílv. ykkar: 21.03.2006

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um átak í uppbyggingu héraðsvega, 310. mál.**

Efnislega er ekki tekin afstaða til tillögu þessarar en hér á eftir eru nokkrar upplýsingar um fjárveitingar til vega þeirra sem tillagan fjallar um ásamt framkvæmdum á þeim á síðustu árum.


Héraðsvegir eru í tillögunni þeir vegir, sem oftast flokkast sem safn- og tengivegir samkvæmt vegalögum. Verður hér á eftir reiknað með öllum vegum í þeim vegflokkum báðum.

Ástand tengi- og safnvega, 1.1.2006.

Kjördæmi	Tengivegir				Safnvegir			
	Malbik		Möl		Malbik		Möl	
	km	%	km	%	km	%	km	%
Suður	420	38	684	62	57	10	501	90
Suðvestur	54	49	57	51	7	13	49	87
Norðvestur	195	11	1555	89	40	4	917	96
Norðaustur	253	24	785	76	32	5	622	95
	922	23	3081	77	136	6	2089	94

Á töflunni má sjá, að aðeins 6% safnvega hafa verið malbikuð en nærri fjórðungur tengivega. Ástand veganna að öru leyti er yfirleitt talið alveg sæmilegt, en samt nokkuð misjafnt hvað varðar burðarþol.

Umferð á safnvegum og flestum tengivegum er lítil. Samkvæmt umferðartölum Vegagerðarinnar fara 7% aksturs á landinu öllu fram á tengivegunum og má út frá því ætla að akstur á safnvegum sé innan við 1%.




Síðustu 10 ár hefur fjárveiting til tengivega verið að meðaltali um 540 m.kr. á ári (skv. verðlagi í febrúar 2006) en það eru um 7% af fjárveitingu til stofnkostnaðar alls vegakerfisins.

Á sama tíma hafa safnvegir fengið um 2% af öllu vegafé, eða 300 m.kr. árlega að jafnaði. Fyrir þetta fé hefur verið lagt malbik á um 47 km á ári síðastliðin 10 ár.

Rétt er að geta þess að það sem malbikað hefur verið af safnvegum hefur nær eingöngu verið á kostnað viðkomandi sveitarfélags, þ.e. Vegagerðin hefur kostað burðarlagið en sveitarfélagið slitlagið.

Miðað við sömu forsendur og verið hafa síðastliðin 10 ár má ætla að hægt yrði að malbika um 120 km árlega fyrir 800 m.kr. viðbótarfé á ári, sem gerir 600 km á fimm árum.

Virðingarfyllst

  
Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri.